

Reykjavík 19. október 2011

Hr. Guðbjartur Hannesson
velferðarráðherra

Nú þegar gerð fjárlaga fyrir árið 2012 stendur yfir, vilja Barnaheill - Save the Children á Íslandi beina því til velferðarráðherra að hann standi vörð um réttindi barna og skerði umfram allt ekki þjónustu við þau og fjölskyldur þeirra á sviði heilbrigðisþjónustu, barnaverndar og velferðarþjónustu.

Samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem íslensk stjórnvöld hafa staðfest, skulu öll börn njóta sömu réttinda, óháð stöðu þeirra og foreldra þeirra. Öll börn eiga rétt á góðri heilsu, umönnun og vernd. Samkvæmt 4. grein sáttmálans eiga aðildarríki að tryggja börnum þau réttindi sem hann kveður á um. Barnaheill – Save the Children á Íslandi hvetja ráðherra til að líta á þjónustu við börn sem fjárfestingu en ekki útgjöld. Áframhaldandi niðurskurður í heilbrigðis- og velferðarþjónustu hefur alvarleg áhrif á stöðu fjölda barna í nútíð og framtíð og getur orðið samfélaginu dýrkeypt til lengri tíma lítið. Samtökin hvetja ráðherra til að snúa dæminu við og efla heilbrigðis- og velferðarþjónustu við börn og fjölskyldur, ekki síst við þær fjölskyldur sem standa höllum fæti í samfélaginu.

Samtökin hvetja ráðherra til að:

- Móta heildstæða stefnu í málefnum barna og unglinga
- Veita öllum börnum aðgengi að tannheilbrigðisþjónustu, óháð efnahag foreldra
- Veita þeim börnum sem þurfa aðgengi að þjónustu talmeinafræðinga, óháð efnahag foreldra
- Veita þeim börnum sem þurfa aðgengi að þjónustu sálfræðinga, óháð efnahag foreldra
- Skerða ekki útgjöld til fæðingarorlofssjóðs
- Efla og styrkja fjölskyldumiðstöðvar víða um land þar sem foreldrar geta leitað ráðgjafar og stuðnings, óháð efnahag
- Efla barnavernd og félagsþjónustu svo unnt sé að grípa strax inn í aðstæður þar sem börn eru beitt ofbeldi eða búa við ofbeldi
- Efla stuðningsúræði fyrir börn sem orðið hafa fyrir ofbeldi, hvort heldur um er að ræða andlegt, líkamlegt eða kynferðislegt ofbeldi
- Efla úrræði fyrir börn í vímuefnavanda
- Koma á fót sérúræði fyrir börn, sem brotið hafa af sér svo þau þurfi ekki að sitja í fangelsi með fullorðnum

Virðingarfyllt

f.h. Barnaheilla – Save the Children á Íslandi

Helgi Ágústsson
formaður

Petrína Ásgeirsdóttir
framkvæmdastjóri